



**BYGGÐASTOFNUN**

## Ákvörðun Á-11/2024

**Um breytingar á útnefningu Íslandspóstshöfundar (ÍSP) sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023**

### 1. MÁLSMEÐFERÐ

(1) Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 13/2020 var Íslandspóstur ohf. (ÍSP) útnefndur til að veita alþjónustu á sviði pósthjónustu um land allt. <sup>1</sup> Í ákvörðuninni er umfang alþjónustu á sviði pósthjónustu afmarkað með hliðsjón af lögum nr. 98/2019 um pósthjónustu.<sup>2</sup>

(2) Byggðastofnun hefur borist tvö erindi frá ÍSP, bæði dags. 29. ágúst 2024 þar sem farið er fram á að stofnunin endurskoði útnefningu fyrirtækisins sem alþjónustuveitanda í ljósi breyttra forsendna og þróunar á pósthjónustu síðan 2023. Byggðastofnun fundaði í kjölfarið með fulltrúum ÍSP þ. 2. október 2024. Byggðastofnun hafði einnig átt samtal við ÍSP fyrr um sumarið um mögulegar breytingar á útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda.

---

<sup>1</sup> Finna má ákvörðun PFS nr. 13/2020 á heimasíðu Byggðastofnunar [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2020/akv\\_pfs\\_nr\\_13\\_2020\\_utnefning\\_islandsposts\\_ohf\\_sem\\_althjonustuveitanda-copy-1-.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2020/akv_pfs_nr_13_2020_utnefning_islandsposts_ohf_sem_althjonustuveitanda-copy-1-.pdf)

<sup>2</sup>Lög um pósthjónustu nr. 98/2019, <https://www.althingi.is/lagas/153c/2019098.html>

## 2. UM BREYTINGAR Á ÚTNEFNINGU ALÞJÓNUSTUVEITANDA

(3) Í ákvörðun PFS nr. 13/2020 er fjallað um hvernig unnt er að breyta fyrirkomulagi og skilyrðum útnefningar. Í ákvörðuninni segir á bls. 35:

*(199) Í athugasemdum ÍSP er vikið að nauðsyn árlegrar endurskoðunar, t.d. á skiptingu í virk og óvirk markaðssvæði. Bendir fyrirtækið í því samhengi á fjölgun heimila og stöðugs samdráttar í bréfasendingum á undanförunum árum.*

*(200) PFS tekur undir með ÍSP um nauðsyn árlegs endurmats og að fjölgun heimila og fækkun bréfasendinga séu breytur sem vandlega þarf að fylgjast með. Mögulegar breytingar á lögum og reglugerðum gætu einnig orðið þess valdandi að endurmeta þyrfti virk og óvirk markaðssvæði, t.d. ef breytingar verða gerðar á tíðni dreifingar eða reglum sem gilda um afhendingu á póstsendingum. Sá almenni fyrirvari verður því gerður við ákvörðun um lengd útnefningarinnar að hægt verði að breyta einstökum skyldum og réttindum ÍSP, sem kveðið er á um í ákvörðunarorðum, ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa verið gerðar á gildandi lagaumhverfi. Í kafla 2.15. um lengd útnefningar er kveðið á um að fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar á einstökum atriðum útnefningarinnar vegna komandi árs.*

(4) Í kafla 2.15 um lengd útnefningar segir:

*(139) Gildistími útnefningarinnar verður því eftirfarandi:*

*Útnefning Íslandspóstshf. skal gilda frá og með 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2030. Ef ráðherra ákveður að endurskoða ákvörðun sína um að val á alþjónustuveitanda fari eftir útnefningarleiðinni, t.d. við umtalsverða breytingu á markaðsaðstæðum. Getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað útnefninguna með 12 mánaða fyrirvara eða styttri tíma samkvæmt samkomulagi við Íslandspóstshf. **Heimilt er á útnefningartímabilinu, að gera breytingar á ákvæðum útnefningarinnar ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa orðið á lögum eða reglugerðum sem áhrif hafa á einstök atriði. Kanna skal fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar vegna komandi árs.***

(5) Af þessu má vera ljóst að heimilt er að gera breytingar á ákvæðum útnefningar ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa orðið á lögum eða reglugerðum sem áhrif hafa á einstök atriði, að því gefnu að könnun á þeim atriðum hafi verið sett af stað fyrir 1. september árinu áður en breytingum er ætlað að taka gildi.

(6) Eins og rakið er í kafla um málsmeðferð barst formlegt erindi ÍSP í ágúst 2024 og fundað var með fyrirtækinu í lok október 2024 þar sem fundarefnið var m.a. könnun ákvæða útnefningar. Ljóst er því að skilyrði ákvörðunar PFS nr. 13/2020 eru uppfyllt og heimilt að breyta ákvæðum útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu, meti Byggðastofnun það svo að þörf sé á breytingum.

### 3. BEIÐNI ÍSLANDSPÓSTS

(7) Eins og áður er rakið barst formlegt erindi ÍSP í lok ágúst 2024 í tvennu lagi, annars vegar varðandi dreifingu á bréfum og hins vegar varðandi dreifingu á pökkum og fundað var með fyrirtækinu í október 2024 þar sem fundarefnið var m.a. könnun ákvæða útnefningar. Ljóst er því að skilyrði ákvörðunar PFS nr. 13/2020 eru uppfyllt og heimilt að breyta ákvæðum útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu, meti Byggðastofnun það svo að þörf sé á breytingum.

#### 3.1. BEIÐNI UM BREYTINGAR Á ÚTNEFNINGU VEGNA DREIFINGAR Á ALMENNUM BRÉFAPÓSTI.

(8) Í beiðni ÍSP vegna dreifingar á almennum bréfapósti eru raktar skyldur félagsins sem alþjónustuveitanda en á grundvelli útnefningarinnar er félaginu skylt að dreifa bréfum í þyngdarflokknum 0-2000 gr. um allt land sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020. Af útnefningunni dregur félagið þá ályktun að stjórnvöld ætlist til að dreifikerfi félagsins sé til staðar um allt land og að það sé í stakk búið til að veita skilgreinda lágmarkshjónustu á hverjum tíma fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samkeppnisaðila, sbr. t.d. 13. gr. póstlaga.

(9) Þá er rakið að nýr aðili hafi komið inn á ört minnkandi markað bréfadreifingar og bjóði upp á dreifingu bréfa á höfuðborgarsvæðinu og minni þéttbýlisstöðum utan þess. ÍSP færir rök fyrir því að dreifinet ÍSP sé í raun forsenda fyrir því að hinn nýi aðili geti boðið viðskiptavinum sínum heildstæða dreifingu um land allt.

(10) Óljóst er hversu mikil áhrif þessi nýtilkomna samkeppni hefur á starfsemi ÍSP en þegar sé orðið ljóst að henni mun fylgja umtalsvert tekjutap sem fyrirtækið geti ekki mætt með niðurskurði í rekstri. Í ljósi alls þessa er farið fram á að Byggðastofnun skoði hvort ástæða sé til að endurskoða forsendur útnefningar félagsins að því er varðar dreifingu á almennum bréfum innanlands, sbr. viðauka 1 í ákvörðun stofnunarinnar nr. Á-14/2023, með tilliti til virkra og óvirkra markaðssvæða.

### 3.2. BEIÐNI UM BREYTINGAR Á ÚTNEFNINGU VEGNA DREIFINGAR PAKKA 0-10 KG.

(11) Í beiðni ÍSP eru talin upp 6 póstnúmer sem fyrirtækið telur rétt og eðlilegt að tilheyri óvirkum markaðssvæðum vegna dreifingar á pökkum innanlands 0-10 kg. innan alþjónustu. Samkvæmt greiningu á kostnaðarbókhaldi félagsins hlýst kostnaður af því að þjónusta þessi póstnúmer sem sanngjarnt og eðlilegt sé að teljist byrði á félaginu sem alþjónustuveitanda í skilningi 12. gr. laga um póstpjónustu.

(12) Samkvæmt beiðni ÍSP er um eftirfarandi póstnúmer að ræða:

- a. Selfoss (806)
- b. Mývatn/Reykjahlíð (660)
- c. Grenivík (610)
- d. Laugar (650)
- e. Súðavík (421)
- f. Reykjanesbær (Hafnir) (233)

(13) Í beiðninni eru reifuð sjónarmið varðandi hvert póstnúmer fyrir sig og rök færð fyrir því að þau eigi að teljast til óvirkra markaðssvæða sem talin eru upp í viðauka II við ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023.

## 4. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

(14) Eins og greint er frá áður hófst samtali Byggðastofnunar og ÍSP um mögulegar breytingar á útnefningu félagsins í lok sumars og beiðni félagsins barst í lok ágúst. Því er ljóst að skilyrði eru uppfyllt fyrir því að breyta ákvæðum útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði póstpjónustu eins og rakið er í kafla 2.

### 4.1 UM BREYTINGAR Á SKILGREININGU Á VIRKUM OG ÓVIRKUM MARKAÐSSVÆÐUM AÐ ÞVÍ ER VARÐAR DREIFINGU BRÉFA

(15) Í ákvörðun PFS nr. 13/2020 var landinu skipt í virk og óvirk markaðssvæði með tilliti til þess að alþjónustuveitandi myndi sinna þjónustu á þeim markaðssvæðum sem metin yrðu virk án sérstakrar kvaðar þar að lútandi, á viðskiptalegum forsendum.

(16) Samkeppni á Íslandi á sviði dreifingar bréfapósts hefur verið hverfandi en þar hefur orðið breyting á þar sem Póstdreifing ehf. tekur nú að sér að dreifa árituðum bréfapósti á

höfuðborgarsvæðinu og Akureyri auk helstu þéttbýlisstaða, sbr. nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins.<sup>3</sup>

(17) Byggðastofnun telur enn óljóst hver áhrif samkeppni um dreifingu bréfa hafi á rekstur ÍSP þó fullljóst megi telja að um tekjutap verði að ræða. Í beiðni sinni óskar ÍSP eftir því við Byggðastofnun að skoðað verði hvort ástæða sé til að endurskoða forsendur útnefningar félagsins að því er varðar dreifingu á almennum bréfum innanlands sbr. viðauka 1 í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023, með tilliti til virkra og óvirkra svæða.

(18) ÍSP tekur fram að beiðni félagsins sé ekki fullmótuð en sé sett fram með vísunar til 2. mgr. 8. gr. í ákvörðunarorðum útnefningar félagsins (PFS 13/2020) þar sem fram kemur að kanna skuli fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar vegna komandi árs. ÍSP muni koma með frekari upplýsingar, skýringar og eftir atvikum útreikninga þegar áætlanir félagsins liggja endanlega fyrir.

(19) Byggðastofnun tekur undir að óvissa er mikil varðandi framtíð bréfadreifingar og að einhver tekjusamdráttur er fyrirsjáanlegur hjá alþjónustuveitanda. Stofnunin getur þó ekki tekið undir að skilyrði séu til þess að breyta útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda í dreifingu almennra bréfa hvað varðar virk eða óvirk markaðssvæði.

## 4.2 UM BREYTINGU Á LANDFRÆÐILEGRI AFMÖRKUN ÚTNEFNINGAR ALÞJÓNUSTUVEITANDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR PAKKA INNANLANDS AÐ 10 KG.

(20) Í beiðni ÍSP eru talin upp 6 póstnúmer sem fyrirtækið telur rétt og eðlilegt að tilheyri óvirkum markaðssvæðum vegna dreifingar á pökkum innanlands 0-10 kg. innan alþjónustu. Samkvæmt greiningu á kostnaðarbókhalda félagsins hlýst kostnaður af því að þjónusta þessi póstnúmer sem sanngjarnt og eðlilegt sé að teljist byrði á félaginu sem alþjónustuveitanda í skilningi 12. gr. laga um póstpjónustu.

(21) Byggðastofnun hefur yfirfarið beiðni ÍSP og er sammála félaginu um að umrædd póstnúmer skuli skilgreind sem óvirk markaðssvæði og færð í viðauka II við ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023.

---

<sup>3</sup> <https://www.postdreifing.is/adstod/vikdskiptaskilmalar/>

(22) Breytingin tekur gildi 1. janúar 2025. Önnur ákvæði um útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 skulu haldast óbreytt.

## ÁKVÖRÐUNARORÐ

- Eftirfarandi póstnúmer skulu tekin upp í viðauka II. við ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 og teljast til óvirkra markaðssvæða m.t.t. dreifingu á pökkum 0-10 kg. innanlands:
  - Selfoss (806)
  - Mývatn/Reykjahlíð (660)
  - Grenivík (610)
  - Laugar (650)
  - Súðavík (421)
  - Reykjanesbær (Hafnir) (233)
- Útnefning Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu skal að öðru leyti vera óbreytt sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023
- Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

*Sauðárkrókur 4. desember 2024*

---

Hjalti Árnason

---

Arnar Már Elíasson